

# Áttundi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 13. ágúst 2015 kl. 18:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Herdís Þórðardóttir, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

Til afgreiðslu.

1. 5. Liður 34. fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 8.06.2015. **Fundargerðin er áður samþykkt í hreppsnefnd en skipulagsstofnun gerði athugasemdir við bókunina og taldi ekki hægt að auglýsa deiliskipulagið nema að kæmi frekari bókun. Hreppsnefnd samþykkir hér með að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Múlavirkjunar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Eggert vék af fundi.**
2. Fyrirspurnir um kaup á hreppslandi. Þrjár fyrirspurnir bárust vegna hreppslandsins.
  - Áslaug Sigvaldadóttir óskaði eftir að kaupa eða leigja lóð vegna starfmannahúsa f.h. fyrirtækisins Hjá Góðu fólki ehf.
  - Hrefna Birkisdóttir óskaði eftir að fá keypta lóð vegna tveggja íbúðarhúsa 2 ha.
  - Þórður Guðmundsson óskaði eftir að kaupa allt hreppslandið undir starfsemi og sendi verðhugmyndir.  
Ákveði að halda eftir einum ha vestast fyrir hreppinn og ganga til samninga við Þórð og Sonju með að selja þeim það sem eftir er. Sett verða skilyrði um að heita og kaldavansréttindi verði undanskilin og að ekki verði farið með mól út af svæðinu. Einnig að gera viðkomandi gagntilboð vegna þeirra verðhugmynda.
3. Bréf frá Hringiðunni dagsett 15. Júlí 2015 og varðar uppsögn á samningi frá 16. desember 2006. Þar sem ekki var rætt við Hringiðuna vegna tilboðs þeirra á ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins né hugmynda Hringiðunar um uppfærslu núverandi kerfis hefur Hringiðan sagt upp samningum. Oddvita falið að fara fram á það við Hringiðuna að þeir veiti þjónustu í sveitarfélaginu þangað til ljósleiðaravæðingu verður lokið.
4. Tillag að ljósleiðaravæðingu Eyja og Miklaholtshrepps. Unnið hefur verið að því að fá fjarskiptafyrirtæki til samstarfs um að ljósleiðravæða sveitarfélagið. Ekki hefur það gengið eftir. Hreppsnefnd ákveðir því að fara í þessar framkvæmdir á eigin vegum samkvæmt þeirri áætlun sem liggur fyrir. Eftirfarandi er samþykkt.
  - Sækja um fjarskiptaleyfi frá Póst og Fjarskiptastofnun.
  - Sækja um vsk númer vegna þessara framkvæmda.
  - fara í framkvæmdir á kt. hreppsins samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.
  - Tengigjald á heimili, fyrirtæki og sumarhús verða kr. 186.000,- m vsk. Íbúar geta sótt um styrk frá sveitarfélaginu upp á kr. 150.000,-
  - Eigendur eigna sem fá tengingu sjá um að fara í gegnum plön hjá sér og koma röri eða kapli inn fyrir vegg.
  - Sett verður gjaldskrá vegna þjónustunnar og verður mánaðargjald kr. 2.800,- á mánuði + vsk.

- **Oddvita falið að fá óháðan aðila til að gefa álit á því hvort fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lögbundin verkefni sveitarfélagsins en KPMG hefur frum unnið unnið það.**
5. **Leitað frávika frá fjárhagsáætlun vegna lagningu ljósleiðarakerfis. Oddviti leitar hér með frávika frá fjárhagsáætlun vegna framkvæmda við lagningu ljósleiðara allt að 60 milj. Það verður tekið af handbæru fé sveitarfélagsins. oddvita falið að leggja fram fjárhagsáætlun með breytingunum á næsta fundi.**
  6. **Umsögn vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi Klár ehf og breytingu á rekstrarleyfi. Hreppsnefnd samþykkir endurnýjun á rekstrarleyfinu en getur ekki samþykkt breytingu vegna viðbótarhúsnæðis nema að rekstraraðili gangi til samninga við leigusala um þær breytingar á aðstöðu í íþróttahúsi til að geta fengið leyfi fyrir gistingu þar.**

Mál í vinnslu.

7. **Leyfisbréf dagsett 16.07.2015 vegna Breiðabliks lagt fram.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Halldór Jónsson ( sign )  
Gísli Guðmundsson ( sign )  
Atli Sveinn Svansson ( sign )  
Eggert Kjartansson ( sign )  
Herdís Þórðardóttir ( sign )